

129
8. júlí

REGLUR

um veitingu hópferðaleyfa.

1. gr.

Óheimilt er að aka hópferðir, ferðir á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir o. þ. l. með stærri bifreiðum en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema að hafa til þess sérstakt hópferðaleyfi.

Undanþegnar hópferðaleyfisskyldu eru hópferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir innan hvers lögsagnarumdæmis. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er.

2. gr.

Hópferðaleyfi má veita öllum sérleyfishöfum, svo og þeim öðrum, er hlotið hafa meðmæli skipulagsnefndar fólksflutninga til þess.

3. gr.

Póststjórnin annast útgáfu hópferðaleyfa í umboði samgöngumálaráðuneytisins.

4. gr.

Hópferðaleyfi skal miðað við ákveðna ferð á ákveðinni leið. Binda má hópferðaleyfi skilyrðum um notkun ákveðinna bifreiða og ákveðið gjald fyrir bifreiðina á hvern km, sbr. 5. gr.

Í auglýstum hópferðum, þegar seld eru einstök sæti, er heimilt að nota farseðla, sem póststjórnin gefur út til notkunar í slíkum ferðum og gilda farseðlarnir þá jafnframt sem hópferðaleyfi.

5. gr.

Póststjórnin ákveður gjaldskrá fyrir hópferðaakstur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga.

6. gr.

Fyrir hópferðaleyfi skal greiða gjald, er að upphæð samsvari sérleyfisgjaldi því, er sérleyfishöfum ber að greiða samkv. 6. gr. laga nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, sbr. lög nr. 3 18. janúar 1952, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Í hópferðaakstri er skylt að hafa jafnan hópferðaleyfin með í bifreiðunum eða farseðla frá póststjórninni, sem jafnframt gilda sem hópferðaleyfi, sbr. 4. gr. Er skylt að sýna þau eftirlitsmönnum, ef þeir óska þess.

8. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum samkvæmt lögum nr. 22 30. janúar 1945. Brjótí sérleyfishafar, eða aðrir, sem póststjórnin hefur veitt réttindi til hópferðaaksturs, reglur þessar, er heimilt að svipta þá þeim réttindum þegar í stað.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 95 28. maí 1951, um veitingu hópferðaleyfa.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1953.

Hermann Jónasson.

Brynjólfur Ingólfsson.